

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 3. maí 1989

um níundu breytingu á tilskipun ráðsins 73/241/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis

(89/344/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar, í samvinnu við Evrópuþingið ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Aðildarlög Spánar og Portúgals heimiluðu Konungsríkinu Spáni að halda áfram að setja á innri markaði sína vörur af tegundinni „familiar a la taza“ og „a la taza“ undir heitinu súkkulaði fram til 31. desember 1987.

Í tilskipun 73/241/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögunum, var þessi tegund, sem inniheldur mjöl og/eða sterkju, og sem skal soðin fyrir neyslu, ekki skilgreind í I. viðauka.

Þetta gæti leitt til þess að sala þessarar vöru yrði bönnuð, en slíkt er óæskilegt. Því ber að breyta tilskipun 73/241/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við 2. mgr. 14. gr. tilskipunar 73/241/EBE:

„g) sem heimila markaðssetningu undir heitinu „chocolate familiar a la taza“ og „chocolate a la taza“ á súkkulaði sem inniheldur mjöl og/eða sterkju og ætlað er til neyslu með mjólk eftir suðu, en er ekki skilgreint í I. viðauka;“.

2. gr.

Aðildarríkin skulu ef þörf krefur breyta landslögum sínum til að fara að tilskipun þessari með gildistöku frá og með 1. janúar 1988. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. maí 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

P. SOLBES

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 290, 14. 11. 1988, bls. 137; Stjttíð. EB nr. C 96, 17. 4. 1989.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 80, 28. 3. 1988, bls. 4.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.